

Auglýsing

61
26. júlí

um kosning alþingismanns fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með því að þingmaður Norður-Ísafjarðarsýslu, Skúli S. Thoroddsen, er látinn, er hjermeð samkvæmt 53. gr. laga nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning skuli fara fram laugardaginn 18. ágúst næstkomandi á þingmanni fyrir nefnt kjördæmi í stað hins látna þingmanns, fyrir þann tíma, er hann átti eftir.

Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögunum, eru stýttir þannig, að framboðsfrestur er til fimtudags 9. ágúst, að þeim degi meðtöldum, og að tveimur dögum þareftir skulu kjörseðlar fullgerðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.

I stjórnarráði Íslands, 26. júlí 1917.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.